

Nr. 17-037 S 026 Bobby 22 ÍS 382**Leki og sekkur í höfn**

Skipaskr.nr. 7615
 Útgerð: Iceland ProFishing ehf.
 Smíðaður: Akureyri 2007, Plast
 Stærð: 4,90 brl. 4,68 bt.
 Mesta lengd: 7,64 m Skráð lengd: 7,58 m
 Breidd: 2,63 m Dýpt: 1,31 m
 Vél: Volvo Penta 67 kW, 2007
 Fjöldi skipverja: 0



Bobby 22©Fiskifrétir

Gögn:

Lögregluskýsla
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 8. apríl 2017 var frístundafiskiskipið Bobby 22 ÍS 382 í höfn á Flateyri. Veður: NA 11 -12 m/s.

Bobby 11 og Bobby 22 höfðu verið sjósettir daginn áður en þeir eru sömu gerðar. Bobby 11 var bundinn við bryggjuna en Bobby 22 utan á hann. Þeir snéru þá báðir með stefnuna út úr höfninni og upp í vindinn.

Morguninn eftir var framendinn á Bobby 22 laus frá Bobby 11 en ekki afturendinn og Bobby 22 hafði snúist þannig að skutar þeirra lágu saman (sjá mynd). Mikill sjór var kominn í Bobby 22.

Við rannsókn kom fram:

- að ekki var pláss fyrir báða bátana við flotbryggjuna sem fyrirtækið hafði til umráða og þar af leiðandi var þeim lagt við þessa bryggju. Eftirlit var haft með þeim um kvöldið af starfsmanni útgerðarinnar;
- að um nóttina brast á með stormi sem orsakaði mikinn öldugang í höfninni með þeim afleiðingum að framendi á



Bobby 22 fjær og Bobby 11 nær

Bobby 22 losnaði. Við það snérist hann og fóru þá skutar bátanna að skella saman með þeim afleiðingum að leki kom að hældrifinu á Bobby 22. Komst sjór inn í vélarúmið og þaðan eftir þilfarinu niður í lest og inn í stýrishús með hurðinni;

- að skemmdir voru á hældrifum beggja bátanna og á bol Bobby 22.

Nefndarálit:

Nefndin telur líkur á því að ófullnægjandi frágangur landfesta sé ástæða fyrir atvikinu.